

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2013

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007 þingskjal 162-144. mál.

Tekið er undir meginefni frumvarpsins um auknar eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar ríkisins.

Í frumvarpinu er kveðið skýrt á um meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu starfsmanna og annarra sem hafa aðgang að persónulegum upplýsingum. Einnig er kveðið á um að við meðferð upplýsinga sem aflað er af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins skuli þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í annarri grein frumvarpsins (43 gr.) er kveðið á um upplýsingaskyldu stofnana og lífeyrissjóða. M.a er kveðið á um að Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnun skuli skiptast á upplýsingum við framkvæmd laganna. Ekki er kveðið á um að samskipti Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða skuli vera gagnvirk með sama hætti hvað varðar upplýsingagjöf.

Samiðn telur rétt að skoða hvort ekki sé eðlilegt að upplýsingaskylda milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða sé gagnkvæm hvað varðar upplýsingar um réttindi til örorkulífeyris, þar sem réttindi einstaklinga byggja á samspili Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða. Ljóst er að upplýsingar sem aflað er af hálfu Tryggingastofnunar geta haft afgerandi áhrif á réttindi einstaklinga í lífeyrissjóðum.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson